

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 2015 í máli nr. E-2616/2014:

Skollanes ehf.

(Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.)

gegn:

Lýsingu hf.

(Árni Ármann Arnason hrl.)

Mál þetta sem dómtekið var 26. október 2015 var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, 20. júní 2014, af Skollanesi ehf., Fjallalind 151, Kópavogi, á hendur Lýsingu hf., Ármúla 1, Reykjavík.

Kröfur aðila

Stefnandi gerir eftirtaldar dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi að samningur málsaðila, sem ber heitið „Samningur um fjármögnunarleigu“ nr. 117572 frá 15. apríl 2005, sé að efni til lánessamningur og að ákvæði hans um tengingu greiðslna við gengi evru, Bandaríkjadals, japanskra jena og svissneskra franka sé ólögmætt og óskuldbindandi fyrir stefnanda.
1. Að viðurkennt verði með dómi að samningur málsaðila, sem ber heitið „fjármögnunarleigusamningur“ nr. 143158 frá 22. ágúst 2007, sé að efni til lánessamningur og að ákvæði hans um tengingu greiðslna við gengi japanskra jena og svissneskra franka sé ólögmætt og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi að samningur málsaðila, sem ber heitið „fjármögnunarleigusamningur“ nr. 143160 frá 22. ágúst 2007, sé að efni til lánessamningur og að ákvæði hans um tengingu greiðslna við gengi japanskra jena og svissneskra franka sé ólögmætt og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi að samningur málsaðila, sem ber heitið „fjármögnunarleigusamningur“ nr. 144853 frá 13. desember 2007, sé að efni til lánessamningur og að ákvæði hans um tengingu greiðslna við gengi japanskra jena sé ólögmætt og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, eða að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst þess að að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Atvik máls

Stefnandi í máli þessu er verktakafyrirtæki. Stefnandi er eignaleigufyrirtæki í merkingu 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Stefnandi mun hafa verið stofnaður á árinu 2008 í þeim tilgangi m.a. að taka yfir einstaklingsrekstur núverandi framkvæmdastjóra og fyrirsvarsmanns stefnanda, Ásgeirs Þórs Hjaltasonar. Eftir stofnun félagsins yfirtók, það 11. ágúst 2009, með samþykki stefnda, þá fjóra samninga milli stefnda og Ásgeirs Þórs um fjármögnun á vinnuvélum sem þá voru í gildi og mál þetta varðar. Nánar tiltekið var um að ræða eftirgreinda fjármögnunarleigusamninga: Fjármögnunarleigusamning nr. 117572

, dags. 15. apríl 2005 um Hitachi beltagröfu. Umsaminn leigutími var frá 15. maí 2005 til 14. maí 2010. Leigugreiðslur samkvæmt samningnum voru tengdar gengi Bandaríkjadals, japanskra jena og svissneskra franka. Fjármögnunarleigusamning nr. 143158, dags. 22. ágúst 2007, um vörubifreið af tegundinni Scania. Umsaminn leigutími var frá 15. nóvember 2007 til 14. nóvember 2012. Leigugreiðslur samkvæmt samningnum voru tengdar gengi japanskra jena og svissneskra franka. Fjármögnunarleigusamning nr. 143160, dags. 22. ágúst 2007 um rafknúnar

hjólbörur af tegundinni Neuson. Umsaminn leigutími var frá 15. nóvember 2007 til 14. nóvember 2012. Leigugreiðslur samkvæmt samningnum voru tengdar gengi japanskra jena og svissneskra franka. Fjármögnunarleigusamning nr. 144853, dags. 13. desember 2007 um beltagröfu af tegundinni Kato, ásamt fylgihlutum. Umsaminn leigutími var frá 15. febrúar 2008 til 14. febrúar 2013. Leigugreiðslur samkvæmt samningnum voru tengdar gengi japanskra jena og svissneskra franka. Ásgeir Þór Hjaltason gekkst í sjálfskuldarábyrgð gagnvart stefnda fyrir efdum samninganna.

Þann 4. mars 2014 tilkynnti stefndi stefnanda um riftun framangreindra fjögurra fjármögnunarleigusamninga vegna meintra vanskila á leigugreiðslum og öðrum greiðslum skv. samningunum. Jafnframt krafðist stefndi skila á leigumunum.

Stefnandi mótmælti riftuninni með bréfi, 24. mars 2014, með þeim rökum m.a. að umræddir samningar væru lánessamningar en ekki leigusamningar. Væru gengistryggingarákvæði þeirra því ólögmæt en stefndi hefði hafnað nauðsynlegri kröfu stefnanda um endurútreikning samninganna vegna hinna ólögmætu gengistryggingarákvæða.

Stefndi svaraði framangreindu bréfi stefnanda, 25. apríl 2014. Hafnaði hann kröfu stefnda um endurútreikning með þeim rökum að samningarnir væru leigusamningar en ekki lánessamningar og gengistrygging leigugreiðslna því lögmæt.

Ágreiningur aðila lítur að því hvort framangreindir fjármögnunarleigusamningar séu lánessamningar í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sem óheimilt hafi verið að binda gengi erlendra gjaldmiðla, eða leigusamningar, sem undanþegnir séu framangreindu banni.

Málsástæður stefnanda og tilvísun til réttarheimilda

Við aðalmeðferð máls þessa féll stefnandi frá nokkrum af þeim málsástæðum sem hann hafði teft fram í stefnu. Nánar tiltekið féll hann frá þeim málsástæðum að frumkvæði stefnanda, hvað kaup á leigumunum varðaði, benti til þess að um lánessamninga væri að ræða en ekki leigusamninga. Sama væri að segja um ákvæði í samningunum um vaxtagreiðslur og ákvæði sem legðu áhættu af skemmdum og eyðileggingu leigumuna á herðar leigutaka en ekki leigusala þannig að greiðsla leigu væri óháð afnotum leigutaka af leigumunum. Þá bentu ákvæði í samningunum sem mæltu fyrir um greiðslu eftirstöðva leigu, þrátt fyrir riftun, til þess að um lánessamninga væri að ræða og sama væri að segja um tilvísun í áramótayfirlitum stefnda til eftirstöðva samninga.

Stefnandi byggir á að gengistrygging lánessamninga, svo sem mælt sé fyrir um í samningum stefnanda og stefnda, sé óheimil, sbr. 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þeir samningar, sem séu í gildi milli aðila og um sé deilt í máli þessu, séu lánessamningar en ekki leigusamningar og ákvæði þeirra um gengistryggingu því ólögmæt. Stefnandi byggir á því að hann hafi aldrei gert

leigusamninga við stefnda. Öll þau ár sem Ásgeir Þór Hjaltason og síðar Skollanes ehf. hafa átt í viðskiptum við stefnda hafi viðskiptasamband þeirra gengið út á að stefndi hafi fjármagnað kaup á vinnuvélum, sem Ásgeir Þór og síðar stefnandi hafi nýtt í verktakastarfsemi sinni. Þegar Ásgeir Þór hafi viljað skipta um tæki eða selja hafi hann selt tækið sjálfur beinni sölu eða sett upp í nýtt. Hafi verðmæti tækis verið meira en eftirstöðvar lánsins, sem hvílt hafi á því, hafi mismuninum verið ráðstafað til Ásgeirs Þórs, sem sjálfur hafi gefið út reikninga vegna þessara viðskipta. Stefnandi byggir á því að skilmálar þeirra samninga sem í gildi séu milli aðila endurspeglar að um lánsamninga sé að ræða en ekki leigusamninga enda staðfesti viðskiptasaga aðila og áður Ásgeirs Þórs og stefnda að svo sé. Á þeim tíma sem liðið hafi frá því Ásgeir Þór hafi byrjað viðskipti við stefnda hafi engin breyting orðið á samningssambandi aðila, þótt stefndi hafi breytt skilmálum sínum einhliða. Viðskipti stefnda og Ásgeirs Þórs Hjaltasonar hafi hafist í byrjun 10. áratugarins. Ásgeir Þór hafi þá verið í viðskiptum við Lind hf., sem verið hafi svokallað eignaleigufyrirtæki. Meðal tækja sem Ásgeir Þór hafi keypt á þeim tíma og Lind hf. fjármagnað hafi verið beltagrafa af gerðinni JCJS 240 L, með skráningarnúmerið EB-0250. Til tryggingar skuldinni hafi Ásgeir Þór sett gröfuna að veði með tryggingarbréfi útgefnu, 15. september 1992. Það sem sé athyglisvert við tryggingarbréfið sé að í því komi fram, að það sé sett til tryggingar skilvísri greiðslu á leigugreiðslum við Lind hf. Í tryggingarbréfinu sé tekið fram að grafan, sem Lind hf. hafi fjármagnað, sé eign Ásgeirs Þórs Hjaltasonar. Undir bréfið hafi verið ritað: „f.h. leigutaka og eiganda gröfunnar“. Með yfirlýsingu, dags. 10. ágúst 2009, hafi því verið lýst yfir að tryggingarbréfið væri eftirleiðis, með sama hætti, til tryggingar öllum skuldbindingum Skollanes ehf. við Lýsingu hf. Að mati stefnanda sé þetta órækt merki um það að litið hafi verið svo á, frá fyrstu tíð, að svonefndir leigutakar séu í raun eigendur þeirra muna sem fjármögnunarsamningar séu gerðir um og að engin breyting hafi orðið á viðskiptasambandi aðila hvað þetta varði. Samningar þeir sem mál þetta varði séu fjórir talsins. Fyrsti samningurinn sem um ræði og fengið hafi auðkennisnúmerið 117572 hafi verið gerður árið 2005 og sé eilítið frábrugðinn hinum þremur. Í 1. gr. hans segi að „hið leigða“ sé „Hitachi ZX 130W hjólagrafa m/grjótkló, tiltskóflu og hraðtengi skv. reikningi seljanda nr. 3414, dags. 12.04.2005.“ Í samningnum sé stefndi titlaður „leigusali“ en Ásgeir Þór Hjaltason „leigutaki“. Seljandi sé hins vegar tilgreindur sem Íshlutir ehf. Ástæða þess sé sú að leigumunirnir hafi við gerð samningsins verið keyptir af Íshlutum ehf. að frumkvæði leigutaka. Fjárhæð samningsins, þ.e.a.s. svonefndur leigugrunnur í 2. gr., endurspeglar kaupverð hlutanna ásamt fjármagnskostnaði, samtals 9.160.000 krónur. Hinn svonefndi leigutaki hafi átt að greiða 1.500.000 krónur við undirritun samnings og 848.859 krónur á sex mánaða fresti í fimm ár. Eftir þann tíma hafi leigutakinn átt að greiða um 12.000 krónur á mánuði, þ.e.a.s. innan við 10% af umsömdum mánaðargreiðslum á samningstíma. Stefnandi byggir á því að framangreindur samningur sé í raun lánsamningur, sem klæddur hafi verið í búning leigusamnings.

Í 16. gr. samningsins komi fram að stefndi Lýsingu hf. taki enga ábyrgð á leigumuninum og leigutaki skuli greiða leigu, þrátt fyrir að hann sé óánægður með leigumuninum eða hann hafi ekki þá eiginleika sem leigutaki hafi reiknað með. Meintur eigandi hlutarins hafi með öðrum orðum hafnað allri hefðbundinni eigendaábyrgð og afsalað henni í hendur svonefnds leigutaka. Sé það sterk vísbinding um að ekki sé um að ræða samband leigusala og leigutaka. Í 19. gr.

samningsins sé mjög sérstakt ákvæði undir liðnum „vanefndir seljanda“. Eins og áður greini hafi seljandi leigumuna verið þriðji aðili, Íshlutir ehf., og hafi seljandi ekki verið aðili að samningnum. Ákvæðið sé mjög flókið og torskilið, en sé bein afleiðing þess að verið sé að klæða lánsamning í búning leigusamnings. Þannig sé mælt fyrir um það að sé kaupverð hins selda lækkað, s.s. vegna galla, skuli leiga jafnframt lækka til samræmis. Þetta sé óháð því hvort gallinn hafi áhrif á notagildi munarins fyrir leigutaka. Þá segi að sé kaupum rift, þ.e.a.s. Lýsing hf. rifti kaupum við seljanda, komi endurgreiðsla kaupverðsins frá seljanda til frádráttar kröfu Lýsingar hf. á hendur leigutaka. Telja verði þetta mjög óvenjulegt ákvæði fyrir leigusamning, þ.e.a.s. ef sú staða komi upp að Lýsing hf., sem leigusali og eigandi leigumunar, þurfi að rifta samningi við seljanda leigumunar og skila honum, eigi Lýsing hf. samt sem áður kröfu á leigutaka um leigugreiðslu. Telja verði þvert á móti að kæmi þessi aðstaða upp fælist í henni vanefnd leigusala gagnvart leigutaka. Við blasi að þarna sé verið að láta líta svo út sem stefnandi sé leigutaki hjá Lýsingu h.f., þegar réttarstaðan sé augljóslega sú að stefnandi sé einungis milliliður til málamynda og kallaður leigusali. Í 21. gr. samningsins séu enn frekari ákvæði sem renni stöðum undir að ekki sé um leigusamning að ræða. Þannig sé mælt fyrir um það að verði tjón á tækinu þannig að ekki svari kostnaði að gera við það komi þeir kostir til greina. Í fyrsta lagi að keypt verði annað sambærilegt tæki, ef váttryggingarbætur dugi fyrir því. Í öðru lagi að keypt verði sambærilegt tæki, ef ekki muni meira en 10% á verði þess og váttryggingabótum. Í þriðja lagi, ef „leigutaki“ óski ekki eftir framlengingu á samningnum eða kaupverð nýs hlutar sé meira en 10% umfram váttryggingabætur tjónsmunar, skuli fara fram uppgjör á samningnum skv. 30. gr. Váttryggingabætur eigi þá að dragast frá kröfu Lýsingar hf. eða renna til leigutaka, ef uppgjör á samningnum hafi þegar farið fram. Þetta ákvæði mæli gegn því að um leigusamning sé að ræða enda myndu váttryggingabætur vegna slíks tjóns aldrei vera látnar ganga upp í skuld leigutaka við leigusala, né greiddar leigutakanum beint. Í ákvæðinu sé þó mælt fyrir um þetta og að váttryggingabætur, sem séu umfram eftirstöðvar leigusamningsins, skuli greiddar leigutaka. Þetta ákvæði sé í raun staðfesting þess að sá samningur sem sé í gildi milli aðila kveði á um það að stefnandi sé í raun eigandi leigumunar og skuli eignast hann í lok samningstímans eða þær bætur sem kunni að verða greiddar fyrir hann. Sama gildi sé samningnum sé rift, sbr. 28. gr. eða honum sagt upp í lok leigutíma en óheimilt sé að segja samningnum upp fyrr en „grunnleigutíminn“ sé liðinn. Í þessum tilfellum skuli fara fram uppgjör í samræmi við 30. gr., rétt eins og ef leigumunur verði fyrir tjóni. Í öllum þessum tilvikum skuli, skv. 30. gr. samningsins, draga verðmæti leigumunar frá skuld leigutaka, þ.e.a.s. eftirstöðvum samningsins út allan samningstímamann og greiða stefnanda það sem eftir standi. Það segi sig sjálft að væri um leigusamning að ræða, gæti engin skuld staðið eftir við „leigusala“, þegar leigusamningurinn væri liðinn eða samningnum hafði verið sagt upp. Samningnum væri þá einfaldlega lokið. Í þessum samningi eigi hinn svonefndi „leigutaki“ hins vegar rétt á að fá greitt allt matsandvirði/söluandvirði leigumunar, að fráregnum eftirstöðvum skuldar við stefnda. Í lok 30. gr. sé síðan tekið fram að myndist hagnaður hjá Lýsingu hf. við framangreindar aðstæður geti Lýsing hf. greitt hann inn á aðrar kröfur eða leigusamninga, sem í gildi séu milli sömu aðila. Samningurinn kveði sem fyrr segi ítrekað á um að verðmæti tækis, umfram eftirstöðvar samnings, skuli greitt „leigutaka“, enda eign hans. Lýsingu hf. sé þó heimilt að ráðstafa slíku umframverðmæti inn á aðrar skuldir „leigutaka“ við leigusala og aðra leigusamninga, til lækkunar á þeim. Þetta sé staðfesting á því, að umframverðmæti samnings sé aldrei eign Lýsingar hf., sem þó yrði að ætla, ef um leigusamning væri að ræða, heldur skuli það ýmist greitt „leigutaka“ eða því

skuldajafnað til lækkunar á öðrum skuldum hans við stefnda. Einnig sé vandséð hvernig hægt sé að greiða fjármuni inn á aðra leigusamninga, þ.e.a.s. ef slíkir samningar séu í raun leigusamningar, því almennt greiði menn ekki „inn á“ leigusamninga á miðjum samningstíma til lækkunar á þeim. Að framangreindum samningsákvæðum virtum sé ljóst, að samningur aðila beri öll einkenni þess að vera lánessamningur, þar sem „leigutaki“ sé í raun og veru eigandi tækisins sem samningurinn fjalli um, en „leigusali“ sé fjármögnunaraðili, sem ekki eigi rétt á öðru en að fá greidda útlagða fjármögnun til baka með vöxtum og kostnaði. Ef samningstími klárast, tækið farist eða samningnum sé rift, eigi „leigutakinn“ í öllum tilvikum rétt á verðmæti tækisins (eftir atvikum vátryggingabótum), að frádregnum eftirstöðvum samningsins. Til málamynda séu aðilar kallaðir „leigusali“ og „leigutaki“ og Lýsing hf. sagt eigandi leigumunar, en á þeim málamyndaorðum beri ekki að taka mark. Samningurinn sé samkvæmt þessu ekkert annað en lánessamningur, sem hafi að geyma ólögmætt gengistryggingarákvæði, sem sé óskuldbindandi fyrir stefnanda. Samningar aðila nr. 143158, nr. 143160 og nr. 144853 séu allir eins, en lítillaga frábrugðir að orðalagi samningi nr. 117572, en ekki efnislega. Um sé að ræða lánessamninga, sem klæddir hafa verið í búning leigusamninga. Um málsástæður vegna þeirra sé vísað til málsástæðna vegna samnings nr. 117572 en þær eigi allar jafnt við um þessa þrjá samninga. Samningarnir hafi að geyma gengistryggingarákvæði sem sé ólögmætt og ekki skuldbindandi fyrir stefnanda. Eins og áður hafi verið rakið eigi viðskipti stefnda, Ásgeirs Þórs Hjaltasonar og síðar stefnanda sér langa sögu. Síðastliðin 20 ár hafi þessir aðilar átt viðskipti vegna fjölda vinnuvéla og tækja. Þau viðskipti hafa ávallt gengið út á að stefndi fjármagnaði vinnuvélar fyrir Ásgeir Þór Hjaltason, sem hann hafi þarfnast í rekstri sínum hverju sinni og hafi sjálfur ákveðið að kaupa. Síðan stefnandi hafi tekið yfir samningana, sem mál þetta varði, hafi aðilar ekki gert nýjan samning um fjármögnun á vinnuvélum eða tækjum. Samningarnir séu því allir upphaflega við Ásgeir Þór Hjaltason. Á þeim árum sem aðilar hafi átt viðskipti sín á milli hafi verið keyptur fjöldi vinnuvéla og tækja. Ásgeir Þór Hjaltason hafi í öllum tilvikum ákveðið hvað skyldi keypt og hafi stefndi ekkert komið að þeim ákvörðunum. Fjárhæðir í samningunum hafi tekið mið af kaupverði vélanna hverju sinni, ásamt fjármögnunarkostnaði. Stefndi hafi greitt seljanda vélarinnar/tækisins kaupverðið og síðan gert fjármögnunarsamning við Ásgeir Þór, sem endurgreitt hafi stefnda þá fjárhæð með reglulegum afborgunum til fyrirfram ákveðins tíma. Inni í þeirri greiðslu hafi verið gert ráð fyrir vöxtum og kostnaði. Stefndi hafi sent Ásgeiri Þór, og síðar stefnanda, reglulega svonefnt áramótayfirlit yfir stöðu samninganna hverju sinni. Í áramótayfirlitum stefnda hafi svonefnt lokagjald samningsins verið tilgreint sérstaklega. Gegn greiðslu þess hafi samningurinn átt að vera uppgreiddur og oft hafi stefnandi greitt stefnandi lokagjald og fengið afsal fyrir tækinu. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að þessi afsöl, í kjölfar uppgreiðslu á samningi, hafi verið breyting á samningi aðila en ekki meginreglan og samkvæmt samningi aðila. Í samningunum sé vissulega tilgreindur ákveðinn samningstími og að að honum loknum myndi hefjast svonefnd framhaldsleiga. Staðreyndin sé hins vegar sú að í öllum tilvikum, þar sem Ásgeir Þór Hjaltason hafi greitt af samningi út samningstímamann eða greitt samninginn upp auk lokagjalds, hafi tækinu verið afsalað til hans. Svokölluð framhaldsleiga hafi aldrei hafist. Ástæðan fyrir þessu hafi verið sú að ákvæði um framhaldsleigu hafi verið til málamynda og hluti af því að klæða lánessamninginn í búning leigusamnings. Stefndi byggir á því að aðilar hafi samið um það í hverju einasta tilviki að þegar höfuðstóll samningsins eða eftirstöðvar hans væru uppgreiddar, skyldi stefnandi eignast tækið. Því til staðfestingar vísi stefnandi til þeirrar staðreyndar, að framhaldsleiga hafi aldrei

hafist á þeim tækjum sem stefndi hafi fjármagnað fyrir Ásgeir Þór Hjaltason. Samningarnir hafi ýmist verið greiddir upp með lokagjaldi eða eftirstöðvar þeirra greiddar fyrir lok samningstímans. Í báðum tilvikum hafi Ásgeir Þór eignast viðkomandi tæki, án þess að um þetta hafi verið gerður sérstakur samningur eða skilmálabreyting. Þegar samningar hafi verið greiddir upp fyrir lok samningstíma hafi það yfirleitt gerst þannig, að Ásgeir Þór hafði sjálfur samið við þriðja aðila um kaup á tækinu, án þess að stefndi kæmi að þeirri ákvörðun. Megi sem dæmi um það nefna samning sem stefndi og Ásgeir Þór hafi gert með sér í ágúst 2005 um bifreiðina RZ 437, vörubifreið af tegundinni Volvo. Bifreiðin hafi verið keypt af Brimborg hf. í júlí 2005. Hún hafi verið greidd með uppítöku á tveimur öðrum tækjum, sem verið hafi á fjármögnunarsamningi milli Ásgeirs Þórs og stefnda. Uppítökutækið hafi gengið á matsvirði upp í kaupverðið á Volvo bifreiðinni og nýr samningur verið gerður milli Ásgeirs Þórs og Lýsingar hf. um mismuninn auk skuldarinnar, sem enn hafi hvílt á uppítökutækinu. Ásgeir Þór hafi veitt starfsmanni Brimborgar hf. umboð sama dag til að nýskrá bifreiðina. Framangreinda bifreið, RZ 437, hafi Ásgeir Þór selt tveimur árum síðar, í ágúst 2007, til verktakafyrirtækis, sem heitið hafi Kroppatak ehf. Fyrir þeim viðskiptum hafi Ásgeir Þór gefið út reikning á Kroppatak ehf., að fjárhæð 11.205.000 krónur. Á reikningnum komi fram, að kaupverðið skiptist milli Lýsingar hf. og seljanda, í nánar tilgreindum fjárhæðum. Sama dag og reikningurinn hafi verið gefinn út hafi stefndi undirritað tilkynningu um eigendaskipti til Ásgeirs Þórs Hjaltasonar. Jafnframt hafi stefndi gefið út afsal fyrir bifreiðinni til Ásgeirs. Um þetta hafi ekki verið gerður neinn sérstakur samningur eða skilmálabreyting á gildandi samningi. Ljóst megi vera að hefði stefndi verið eigandi vélarinnar hefði verið með öllu ónauðsynlegt að tilkynna um eigendaskipti á tækinu til Ásgeirs Þórs Hjaltasonar. Hefði Ásgeir Þór viljað fá nýtt tæki í skiptum fyrir annað, liggi beinast við að hann hefði keypt hið nýja tæki og sett eldra tæki upp í sem greiðslu. Það hafi hins vegar ekki samræmst samningi aðila, þar sem Ásgeir Þór/stefnandi hafi átt að verða eigandi tækjanna í þeim tilvikum, þegar samningar hafi verið greiddir upp. Ásgeir Þór hafi gefið út reikning á kaupanda tækisins, í þessu tilviki Kroppatak ehf., sem greitt hafi kaupverðið að hluta til stefnda og hluta til Ásgeirs Þórs. Sama dag hafi stefndi afsalað tækinu til Ásgeir Þórs sem eiganda. Þetta hafi margoft gerst í viðskiptum aðila og verið meginregla en ekki undantekning. Þeirri spurningu sé ósvarað af hverju tækjunum, sem stefnandi/Ásgeir Þór hafi greitt upp hafi verið afsalað sjálfkrafa til hans. Slíkt afsal til stefnanda hafi tæplega verið nauðsynlegt, ef einungis hafi verið um kaup á nýju tæki að ræða í stað annars. Þetta sýni að ákvæði um leigu hafi verið til málamynda. Sem fyrr segi hafi aðilar átt viðskipti með fjölmörg tæki og tól í gegnum tíðina. Viðskipti með tækin hafi oft farið fram með framangreindum hætti. Í hvert sinn sem Ásgeir Þór hafi selt tæki hafi farið fram uppgjör, þar sem hluta söluandvirðisins hafi verið ráðstafað til uppgreiðslu á eftirstöðvum samningsins en afgangnum ráðstafað til Ásgeir Þórs beint eða til seljanda nýs tækis, sem verið var að kaupa, en tækinu fyrst afsalað til „leigutaka“ til eignar. Þetta fyrirkomulag hafi ekki þarfnast skilmálabreytinga á samningnum og þær ekki verið gerðar, enda hafi ekki verið litið svo á að verið væri að víkja frá því sem aðilar hafi raunverulega samið um í upphafi, þ.e.a.s. að Ásgeir Þór og síðar stefnandi væri eigandi þess verðmætis sem væri í tækinu umfram eftirstöðvar samningsins. Þetta hafi verið meginreglan. Með öðrum orðum að samningarnir væru lánsamningar, þar sem stefndi hafi ekki átt kröfu til annars en að fá samningsfjárhæðina greidda. Nákvæmlega sama hafi gilt um þá fjóra samninga sem mál þetta varði. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að þessi viðskipti, sem oft hafi farið fram, hafi verið breyting á samningi aðila, þ.e.a.s. að samningarnir hafi

verið leigusamningar og það hafi verið breyting á samningi aðila að Ásgeir Þór hafi mátt semja um sölu á tækinu til þriðja manns og fengið andvirði tækisins, umfram skuld hans við stefnda, til ráðstöfunar. Stefnandi byggir á því að skilmálabreytingar, sem gerðar hafi verið í október 2011 á þremur samninganna staðfesti að um láncsamninga sé að ræða eða í öllu falli hafi fallist í þeirri skilmálabreytingu að samningarnir séu nú láncsamningar. Í skilmálabreytingunum sé kveðið á um tiltekið greiðsluplan. Skýrt komi fram í því greiðsluplani að þegar við það væri staðið yrðu eftirstöðvar samningsins kr. 0. Í skjalinu séu greiðslur stefnanda til stefnda titlaðar sem „afborganir“. Loks bendi stefnandi á að stefndi hafi ekki eignfært umræddar vélur og tæki í reikningum sínum. Hafi stefndi talið sig vera eiganda vélanna og kaupanda mætti ætla að hann hefði eignfært vélarnar í sínum bókum. Það hafi hann ekki gert, sem sé vísbending um það hvernig stefndi hafi virt viðskiptasamband aðila. Þegar allt framangreint sé virt með tilliti til þess hvort um sé að ræða láncsamninga eða leigusamninga blasi við að samningarnir beri efnislega öll einkenni láncsamninga umfram leigusamninga. Þegar litið sé til þess hvernig aðilar hafi framkvæmt samningana og átt viðskipti sín á milli geti ekki leikið vafi á því að efnislega sé um láncsamninga að ræða. Því beri að taka til greina kröfur stefnanda um viðurkenningu á því að umræddir fjórir samningar séu í raun láncsamningar og ákvæði þeirra um gengistryggingu séu óskuldbindandi fyrir stefnda.

Stefnandi krefjist málskostnaðar úr hendi stefnanda, með vísan til 129., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að teknu tilliti til þess að stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur. Vísað sé til laga nr. 151/2010, ákvæða laga, nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sem og til 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Krafa um málskostnað styðjist við 129., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísist til 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda og tilvísun til réttarheimilda

Stefndi byggir á því að sú aðalmálsástæða stefnanda að umþrættir fjármögnunarleigusamningar aðila séu láncsamningar en ekki leigusamningar standist engan veginn sökum þess m.a. að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 652/2011, frá 24. maí 2012 (Smákranamál), hafi verið fjallað um samskonar fjármögnunarleigu-samningsform og hafi niðurstaða Hæstaréttar verið sú að um væri að ræða leigusamning. Í dómi réttarins hafi verið komið inn á það að stöðluð ákvæði samningsins væru skýr og ættu eingöngu við um fjármögnunarleigusamninga. Einnig hafi komið fram í dóminum að í samningi aðila væri fjallað um leigu og væri Lýsing þar ítrekað nefnd leigusali. Ennfremur megi benda á að 14. mars 2014 hafi fallið dómur í Hæstarétti í máli nr. 638/2013 (Suðurverksmál) og þann 3. apríl 2014 dómur í máli nr. 717/2013 (Ölgerðarmál) en í þessum tveimur málum hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að fjármögnunarleigusamningsform Lýsingar hf. væri skýrt og væri um leigusamning að ræða en ekki láncsamning. Ekki verði betur séð en að stefnandi byggir aðallega á svipuðum málsástæðum, í þessu máli og hafðar hafi verið uppi af hálfu stefnanda í fyrrgreindum málum og telji stefndi því að beinast liggja við að sýkna hann í þessu máli. Fjármögnunarleiga sé ein tegund eignaleigusamninga en eignaleiga feli í sér leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selji leigutaka hið leigða

gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarkstíma liðnum. Í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki komi fram að með eignaleigu sé átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selji leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma. Í fjármögnunarleigu felist að leigugjald og lágmarksleigutími sé ákvarðaður með hliðsjón af því, að í lok lágmarksleigutíma hafi leigusali fengið í sinn hlut upphaflegt kaupverð leigumunar, auk vaxta og kostnaðar, en eftir það tímamark hafi leigutaki að jafnaði rétt til áframhaldandi leigu munar gegn lækkuðu leigugjaldi. Gert sé ráð fyrir því að leigutaki geti haft leigumun á framhaldsleigu allt þar til hann sé orðinn úr sér genginn eða ónothæfur. Þetta sé einmitt eitt af grunneinkennum fjármögnunarleigusamninga og eitt af því sem aðgreini þá frá kaupleigusamningum þar sem leigutaki verði að jafnaði sjálfkrafa eigandi hins leigða í lok leigutímans án sérstakrar greiðslu eða frekari samninga. Stefndi vísi hér einnig til c-liðar 11. gr. í IAS 17, alþjóðlegs reikningsskilastaðals um leigusamninga, þar sem fram komi að það sé einkenni fjármögnunarleigusamninga að þá megi framlengja um annað tímabil gegn leigu sem sé töluvert lægri en markaðsleiga. Samningsform stefnda eigi eingöngu við um fjármögnunarleigusamninga og sé mjög skýrt fjármögnunarleigusamningsform þar sem allt innihald samningsins bendi til að um leigusamning sé að ræða. Samningsformið hafi upphaflega verið samið eftir norskri fyrirmynd um fjármögnunarleigusamninga og byggji á alþjóðlegum viðmiðunum um fjármögnunarleigusamninga. Fjármögnunarleigusamningarnir sem um sé deilt í þessu máli hafi öll einkenni fjármögnunarleigusamninga, m.a. hvað varði form, hugtakanotkun og efnislegt innihald. Eins og síðar verði nánar vikið að sé ljóst að stefnandi hafi kosið að tryggja sér afnot af umræddum leigumunum með fjármögnunarleigusamningum við stefnda en ekki annarskonar fjármögnun. Val á þessari samningstegund hafi byggst á fjölmörgum öðrum þáttum en beinum útgjöldum, svo sem þeim mun sem lögum samkvæmt sé á bókhaldslegri og skattalegri meðferð mismunandi samningstegunda. Því verði að skoða í heild réttaráhrif þess ef lagaákvæðum um önnur samningsform en leigu verði beitt um þessa fjármögnunar-leigusamninga. Stefndi byggji á því að hið umþrætta samningsform aðila uppfylli öll skilyrði fyrir því að teljast leigusamningur skv. alþjóðlegum reiknings-skilastaðli IAS 17 sem lagagildi hefur hér á landi, sbr. 88. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Í 4. gr. staðalsins sé fjármögnunarleiga skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Fjármögnunarleiga er leigusamningur sem yfirfærir svo til alla áhættu og allan ávinning sem fylgir eignarhaldi á eign. Eignarréttur kann eða kann ekki að færast á milli aðila að lokum.“

Stefndi byggji á því að fjölmörg atriði staðalsins sýni fram á það ótvírætt að hinir umþrætta fjármögnunarleigusamningar Lýsingar hf. séu leigusamningar en ekki láns-samningar. Í tengslum við rekstur Hæstaréttarmálsins nr. 652/2011 hafi stefndi fengið nokkrar af stærstu endurskoðunarstofum landsins til að vinna fyrir sig álit um það hvort fjármögnunarleigusamningsform Lýsingar hf., sem legið hafi til grundvallar í því máli, gæti talist vera fjármögnunarleigusamningur í samræmi við IAS 17. Álit allra endurskoðunarfyirtækjanna hafi verið á þá leið að fjármögnunarleigu-samningsform stefnda félli undir staðalinn um leigusamninga og væri þannig leigusamningur. Í stefnu reyni stefnandi að færa fyrir því rök að hinir umþrætta samningar aðila séu lánsamningar en ekki leigusamningar. Stefndi mótmæli því að nokkur af þeim atriðum sem stefnandi bendi á, styðji það að hinir

umþrættu samningar aðila séu lánsamningar frekar en leigusamningar. Leigusamningur sé gagnkvæmur samningur, þar sem annar aðilinn, leigusali, heimili gagnaðilanum, leigutaka, tiltekin afnot af leigumun, gegn greiðslu endurgjalds sem kallist leiga eða leigugjald. Um sé að ræða gagnkvæman samning þar sem báðir sammingsaðilar eigi rétt og beri skyldur. Lánsamningur sé það kallað þegar lánveitandi veiti eða lofi að veita lántaka lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og lántaki lofi að greiða lánið til baka skv. ákvæðum lánsammansins. Þeir lánsamningar sem falli undir vaxtalögin nr. 38/2001 séu lánsamningar um peninga eins og skýrt komi fram í 1. gr. laganna en þar komi fram að lögin gildi um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar. Af framangreindum mismunandi skilgreiningum á leigusamningum og lánsamningum megi ráða að hinir umþrættu fjármögnunarleigusamningar aðila séu leigusamningar en ekki lánsamningar. Fjölmörg önnur atriði megi nefna því til stuðnings m.a. eftirfarandi. Heiti samninganna, þ.e. „fjármögnunarleigusamningur“ bendi til þess að um sé að ræða leigusamninga en ekki lánsamninga. Í gegnum alla samningana sé miðað við „leigusala“ og „leigutaka“ og bendi það til þess að um sé að ræða leigusamninga en ekki lánsamninga. Í þessu sambandi megi m.a. nefna að stefnandi skrifi undir samningana í reit sem auðkenndur sé með heitinu „leigutaki“. Orðnotkun í samningunum bendi eindregið til að um sé að ræða leigusamninga en ekki lánsamninga. Sem dæmi um þetta megi nefna að gerð sé grein fyrir leigumun sem hinu leigða í 1. gr. samninganna og leigugrunni í 2. gr. samninganna. Í 4. gr. sé fjallað um grunnleigutíma og í 5. gr. sé fjallað um greiðslutilhögun leigu. Í 6. gr. sé gerð grein fyrir grunnleigutíma og framhaldsleigu. Á bakhlið samninganna sé sama orðnotkun og á framhlið og þannig ávallt gengið út frá því að um leigusamninga sé að ræða. Undirritun leigutaka undir samningana sé í reit sem merktur sé auðkenninu „leigutaki“. Ítrekað skuli bent á það sem áður hafi komið fram í greinargerð þessari að í máli nr. 652/2011 komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að stöðluð ákvæði sammingsins væru skýr og ættu eingöngu við um fjármögnunarleigusamninga. Virðisaukaskattur leggist ofan á einstakar leigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga en slíkt tíðkist aldrei í lánsamningum. Skattyfirvöld geri skýran greinarmun á meðhöndlun virðisaukaskatts í kaupleigusamningum annars vegar og fjármögnunar-leigusamningum hins vegar. Ákvarðandi bréf RSK gefi skýrt til kynna að skv. réttum skilningi laga um virðisaukaskatt skuli innheimta virðisaukaskatt af heildarfjárhæð reikninga í fjármögnunarleigusamningum en líta skuli á greiðslur samkvæmt kaupleigusamningum á sama hátt og afborganir í almennum afborgunarviðskiptum. Stefndi hafi greitt virðisaukaskatt af kaupverðinu í upphafi til seljenda og gengið út frá því að innheimta virðisaukaskattinn til baka í gegnum leigugreiðslur út grunnleigutímamann. Gangi það ekki eftir sé það breyting á þeim forsendum sem gengið hafi verið út frá við sammingsgerðina en aðilar hafi verið sammála um að þar sem um leigusamninga væri að ræða skyldi greiða virðisaukaskatt af leigugreiðslum. Til viðbótar við þær virðisaukaskattsgreiðslur sem hér hafi verið lýst megi nefna að stefnandi hafi innskattað virðisaukaskatt af leigugreiðslum í bókhaldi sínu. Allar þær virðisaukaskattsgreiðslur sem hér hafi verið lýst miðist við þann gagnkvæma skilning aðila að um leigusamninga hafi verið að ræða. Þegar leiga sé innheimt séu sendir út „reikningar fyrir leigu“ og sé það sá háttur sem stefndi hafi haft á. Slíkt eigi ekki við þegar um lán sé að ræða. Á tilgreindum leigureikningunum stefnda komi skýrt fram að við leiguna bætist virðisaukaskattur en sama eigi ekki við um lán eins og áður hafi verið rakið. Það verði að teljast harla langsótt hjá stefnanda að halda því fram að um lánsamninga sé að ræða í ljósi þess að hann hafi greitt reikninga án athugasemda, þar sem fram komi að um

leigureikninga sé að ræða og á reikningunum komi einnig skýrt fram að virðisaukaskattur bæstist við leigugreiðsluna. Þegar um lánsamning sé að ræða eignist viðkomandi hið keypta gegn greiðslu kaupverðs. Grundvallarmunur sé á skattalegri meðferð kaupverðs og leigu. Kaupverð beri að eignfæra og gjaldfæra um leið og notkunin eigi sér stað. Leigugjaldið sé frádráttarbært til skatts sem hver annar rekstrarkostnaður og skapi það leigutaka að jafnaði talsvert hærri skattafrádrátt en afskriftir af keyptum hlut, þ.e. þegar leigutíminn sé styttri en afskriftatími hlutar. Hvað fjármögnunarleigusamninga varði haldist eignarréttur hjá leigusala og því teljist fjármögnunarleiga vera leiga. Stefnandi byggi á því að fjármögnunarleigu-samningarnir séu lánsamningar gagnvart stefnda í þeirri von að það skapi honum rétt til endurreiknings og lækkunar á leigu, en hins vegar byggi hann á því gagnvart skattayfirvöldum að fjármögnunarleigusamningarnir séu leigusamningar. Stefnandi eigi ekki að geta komist upp með það að kalla fjármögnunarleigusamningana ýmist leigusamninga eða lánsamninga eftir því hvað honum henti hverju sinni. Komist hann upp með það auðgíst hann á ólögmetan hátt. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að reglur um bókhald og ársreikninga séu opinberar reglur sem eigi að tryggja festu og öryggi í viðskiptum. Þær veiti upplýsingar um starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækja til hagsbóta fyrir viðskiptavinum og hið opinbera. Af þeim sökum sé markmið slíkra reglna að segja til um hvert sé inntak viðskipta og hlutast til um að þau séu bókuð á réttan hátt, þannig að rekja megi þau og notkun fjármuna, sbr. 6. gr. laga um bókhald nr. 145/1994. Þá eigi bókhald og ársreikningar að veita glögga mynd af afkomu og efnahag, sbr. 5. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006. Í ársreikningum stefnanda séu fjármögnunarleigusamningar í reikningsskilum hans skilgreindir sem leigusamningar, sbr. t.d. fyrirliggjandi ársreikning hans vegna ársins 2009. Í sama reikningi sjáist að þau tæki sem leigð séu á fjármögnunarleigusamningum séu ekki eignfærð í efnahags-reikningi. Á bls. 6 í fyrirliggjandi ársreikningi vegna ársins 2012 sé fjármögnunarleiga færð sem annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi stefnanda. Eignarréttur haldist hjá leigusala fjármögnunarleigusamnings allan grunnleigutímamann og á framhaldsleigu-tímabilinu og því sé ekki um lánsamning að ræða. Auk þess hafi leigusali sem eigandi hins leigða þær heimildir sem teljist til grunneignarréttar eins og að geta selt eða veðsett eignarrétt sinn. Þessi atriði bendi til þess að um leigusamning sé að ræða en ekki lánsamning. Löggjafinn líti á eignaleigu sem leigustarfsemi en ekki lána-starfsemi, sbr. tilvitnun í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 en þar komi fram að með eignaleigu sé átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selji leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma. Í 1. mgr. 20. gr. sömu laga komi skýrt fram að löggjafinn líti ekki á fjármögnunarleigu sem útlánastarfsemi. Í 1. mgr. 20. gr. sé fjallað um ýmsar tegundir af starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Í 2. tl. séu taldir upp þættir sem falli undir útlána-starfsemi og sé fjármögnunarleiga ekki talin þar á meðal. Í 3. tl. sé fjármögnunarleiga hins vegar tilgreind sérstaklega sem ein tegund af starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem sýni að löggjafinn telji fjármögnunarleigustarfsemi ekki vera lána-starfsemi. Sama aðgreining sé gerð á útlánnum og fjármögnunarleigu í viðauka I við Bankatilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/48/EC (Directive 2006/48/EC of the European Parliament and of the Council of 14 June 2006 relating to the taking up and pursuit of the business of credit institution). Framangreindar tilvitnanir í lög um fjármálafyrirtæki bendi skýrlega til þess að fjármögnunarleigusamningur sé leigusamningur en ekki lánsamningur. Forsaga laganna styðji einnig við þetta sjónarmið. Í stefnu nefni stefnandi ýmis atriði sem hann telji að styðji það að hina umþrættu fjármögnunarleigusamninga eigi frekar að flokka sem lánsamninga en

leigusamninga. Stefnandi byggir á því að hann hafi aldrei gert leigusamning við stefnda. Sé þessari málsástæðu stefnanda mótmælt sem rangri enda liggi fyrir í málinu fjórir fjármögnunarleigusamningar og samkomulag um yfirtöku stefnanda á umræddum leigusamningum, dags. 11. ágúst 2009, þar sem stefnandi skrifir undir í reit merktum „Nýr leigutaki“. Stefndi bendir á að fjármögnunarleigusamningar aðila séu undirritaðir af fyrri leigutaka sem jafnframt sé fyrirsvarsmaður stefnanda. Undirritunin sé í reit sem auðkenndur sé með heitinu „leigutaki“. Hefði stefnandi talið eitthvað athugasvert við ákvæði samninganna, svo sem orðalag þeirra, heiti, eignarhald á leigu-munum, ákvæði um framhaldsleigu o.s.frv., hefði hann átt að gera athugasemdir við það og óska eftir annarskonar fjármögnun sem í boði hafi verið á sama tíma en það hafi hann ekki gert. Í 35. gr. samningsins sé sérstaklega tekið fram með feitu lettri að leigutaki hafi kynnt sér og hafi ekkert við að athuga alla skilmála samningsins en þar komi eftirfarandi fram: „Undirritaður leigutaki og ábyrgðarmenn hafa kynnt sér og hafa ekkert við að athuga alla skilmála samnings þessa, greinar 1-35“ Stefndi byggir á því að stefnandi sé bundinn af þessari staðfestingu sinni á endanlegu innihaldi samninga aðila. Í 34. gr. fjármögnunarleigusamninga aðila komi skýrlega fram að breytingar á samningunum megi aðeins gera með skriflegum viðauka, undirrituðum af samningsaðilum. Með 34. gr. hafi leikreglurnar verið ákveðnar á milli aðila um það hvernig væri hægt að breyta samningunum síðar meir, þ.e.a.s. að gerð hafi verið krafa um skriflegan viðauka. Aðilar hafi virt ákvæði 34. gr. við framkvæmd samninganna. Í þessu sambandi hafi verið gengið frá skriflegum viðaukum á grundvelli 34. gr., þegar stefnandi hafi lent í vandræðum með leigugreiðslurnar og óskað eftir tilhliðrun. Finna megi dæmi um þetta varðandi framkvæmd allra samninganna í skjölum málsins. Enginn skriflegur viðauki hafi verið útbúinn á milli aðila sem breyti réttarstöðunni við lok grunnleigutímans frá því sem ákveðið hafi verið í 12. gr. í hinum umþrættu fjármögnunarleigusamningum aðila og enn síður sem breyti eðli og efni umræddra fjármögnunarleigusamninga úr leigusamningum í lánessamninga. Jafnframt ítreki stefndi að ekkert í umræddum fjármögnunarleigusamningi aðila bendi til þess að aðilar hafi samið um kaupskyldu leigutaka og enn síður um sjálfkrafa eignayfirfærslu við lok grunnleigutíma samninganna. Í viðskiptum aðila hafi ætíð verið farið eftir ákvæðum leigusamninganna sem séu hefðbundnir fjármögnunarleigusamningar á alþjóðlegan mælikvarða. Allar breytingar sem gerðar hafi verið á samningnum hafi verið gerðar með skriflegum viðaukum þess efnis í samræmi við 34. gr. samninganna og undirritaðir af báðum aðilum. Það sé því ekki um það að ræða að stefndi hafi gert einhliða breytingar á samningsskilmálum líkt og stefnandi haldi fram. Þessi málsástæða stefnanda sé því röng. Stefnandi geri mikið úr því að fyrri leigutaki hafi í einstaka tilvikum fengið að kaupa tæki af stefnda, sem verið hafi á fjármögnunarleigusamningum og að í einhverjum tilvikum hafi eldri tæki verið sett upp í ný tæki. Telji stefnandi að þetta bendi til þess að um lánessamninga sé að ræða en ekki leigusamninga. Stefndi hafni þessu sem röngu. Það sé ekkert óeðlilegt við það að leigusali samþykki, í einstaka tilvikum, tilboð frá leigutaka um kaup á leigumun á grunnleigutíma eða við lok hans. Í þeim tilvikum hafi leigutaki óskað eftir því að fá að kaupa leigumuninn, þegar nokkuð sé liðið á grunnleigutímann eða við lok hans. Í einstaka tilvikum hafi stefndi samþykkt slíka beiðni. Það sama eigi við ef leigutakinn óski eftir því að taka á leigu nýrra og betra tæki hjá leigusala. Í slíkum tilvikum hafi stefndi oft leitast við að koma á móts við leigutakann og sett eldra tæki upp í nýrra tæki hjá seljanda þess. Hér sé um að ræða þjónustu við leigutaka af hálfu leigusala og telji stefndi fráleitt að slík þjónustulípurð af hans hálfu geti breytt leigusamningi í lánessamningi. Stefnandi byggir á því að viðskipti fyrri leigutaka við

eignaleigufyrirtækið Lind hf. séu einhverskonar upphaf viðskipta milli aðila þessa máls. Þessi málsástæða stefnanda sé fjarstæðukennd að mati stefnda og eigi ekki við nokkur rök að styðjast. Benda megi á að Lind hf. hafi verið sjálfstætt fyrirtæki sem runnið hafi inn í Landsbankann hf. árið 1995 og hafi ekkert með viðskipti stefnda að gera. Upphaf viðskipta stefnda við stefnanda séu einfaldlega við yfirtöku þess síðarnefnda á umþrættum fjármögnunarleigusamningum, 11. ágúst 2009. Stefnandi vísi jafnframt í þessu samhengi til tryggingarbréfs sem hann kveði hafa verið sett til tryggingar á skuld vegna fjármögnunar Lindar hf. á tiltekinni beltagröfu. Telji stefnandi umrætt tryggingarbréf benda til þess að leigutakar samninganna séu í raun eigendur þeirra leigumuna sem fjármögnunarleigusamningar séu gerðir um. Þetta byggi stefnandi á ákvæði í tryggingarbréfinu þar sem tiltekið sé að grafan, sem stefnandi segi Lind hf. hafa fjármagnað, sé eign Ásgeirs Þórs Hjaltasonar. Stefnandi tengi svo umrædd viðskipti við þá fjármögnunarleigusamninga sem hér séu til umfjöllunar með því að vísa til þess að við yfirtöku stefnanda á fjármögnunarleigusamningunum hafi umrætt tryggingarbréf verið sett til tryggingar öllum skuldbindingum stefnanda við stefnda. Þessi málsástæða stefnanda sé í raun með ólíkindum. Stefnandi þekki í fyrsta lagi ekki til umræddra viðskipta fyrri leigutaka þeirra samninga sem hér séu til umfjöllunar við eignaleigufyrirtækið Lind hf. og geti því á engan hátt sagt til um með hvaða hætti fjármögnun á umræddu veðandlagi hafi verið, enda hafi stefnandi ekki lagt neitt fram í þeim efnunum. Samkvæmt fyrirliggjandi útprentun úr vinnuvélaskrá hafi umrætt veðandlag verið í eigu stefnanda frá 10. ágúst 2009, eða frá þeim degi sem tryggingarbréfið sé sett að veði fyrir skuldum stefnanda við stefnda. Af sömu útprentun sé ljóst að umrætt veðandlag hafi aldrei verið í eigu Lýsingar hf., Lindar hf., eða annars eignaleigufélags og þegar af þeim ástæðum sé ljóst að ekki hafi verið um sambærilegan samning að ræða við fjármögnun þess tækis og þeirra fjármögnunarleigusamninga sem hér sé fjallað um þar sem eignarhald tækjanna liggja hjá leigusala, sbr. 15. gr. samninganna. Það sé því alveg ljóst að viðskipti fyrri leigutaka við eignaleigufélag, ótengt stefnda, séu máli þessu algjörlega óviðkomandi og geti ekki á nokkurn hátt haft áhrif á efni og eðli þeirra samninga sem hér séu til umfjöllunar. Beri því að hafna umræddri málsástæðu stefnanda. Stefnandi byggi á því að ákvæði fjármögnunarleigusamninganna renni mörg hver stöðum undir það að um lánessamninga sé að ræða frekar en leigusamninga. Vísi hann í þeim efnunum einkum til 16., 17., 19., 21., 28. og 30. gr. samninganna. Stefnandi bendi á að hér sé um að ræða sambærilegar málsástæður og hafðar hafi verið uppi í Smákrana-, Suðurverks- og Ölgerðarmálunum og ekki verið taldar benda til þess að um lánessamning væri að ræða. Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu í Smákranamálinu að stöðluð ákvæði samningsins væru skýr og ættu eingöngu við um fjármögnunarleigusamninga. Þannig sé til dæmis ekkert óeðlilegt við ákvæði 19. gr. fjármögnunarleigusamninga aðila um að stefnandi þurfi að greiða leigu jafnvel þó seljandi vanefni samning sinn við Lýsingu hf.. Rétt sé að benda á að slíkar vanefndir geti leitt til lækkunar á leigu eins og skýrt komi fram í 19. gr. Það sé heldur ekkert óeðlilegt við ákvæði 16. gr. fjármögnunarleigusamninga aðila um að leigutaki velji sjálfur leiguandlagið og taki ábyrgð á hinu leigða, svo sem í þeim tilvikum sem leigutaki sé ekki ánægður með leigumuninn. Aðstaðan hafi til að mynda verið með sambærilegum hætti í Smákrana-, Suðurverks- og Ölgerðarmálunum. Í þessu sambandi sé einnig rétt að benda á að 16. og 19. gr. séu í samræmi við skilgreiningu á fjármögnunarleiguhugtakinu í 4. og 8. gr. IAS 17 þar sem fram komi að fjármögnunarleiga sé leigusamningur þar sem svo til öll áhætta sem fylgi eignarhaldi á eign sé yfirfærð til leigutaka. Stefnandi bendi á að í skilmálum

samninga aðila sé gengið út frá því að við vanefndir geti stefndi rift samningunum og allt að einu krafið stefnanda um fullar greiðslur til loka samnings-tímans. Telji stefnandi að þetta bendi til þess að um lánessamninga sé að ræða. Ákvæðið um að við riftun af hálfu leigusala geti hann krafið leigutaka um alla ógjaldfallna leigu sé að finna í 1. tl. 30. gr. samninganna. Jafnvel þó að slíkt ákvæði sé óhefðbundið í leigusamningum sé ekkert sem banni að hafa slíkt ákvæði í leigu-samningum. Horfa þurfi á þetta ákvæði í tengslum við önnur ákvæði í 30. gr. samninganna og það að við riftun fari fram heildaruppgjör á milli aðila. Þannig sé t.d. kveðið á um það í 4. tl. 30. gr. samninganna að frá skuld leigutaka við Lýsingu hf. skv. tl. 1-3 skuli draga verðmat hins leigða. Taka þurfi mið af því við skýringu á þessu ákvæði að oft á tíðum séu leiguhlutir sérhæft lausafé sem úreldist hratt og erfitt sé að endurleigja og því sé nauðsynlegt að hafa inni ákvæði í samningum á þá leið að leigutaki verði að greiða ógjaldfallna leigu til að minnka líkur á því að leigusali verði fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna vanefnda leigutaka. Uppgjörsreglurnar í umræddum fjármögnunarleigusamningum byggja á því að í framhaldi af riftun fjármögnunar-leigusamnings fari fram heildaruppgjör á milli aðila. Inn í þetta spili einnig að í mörgum tilvikum sé hið leigða í mjög slæmu ástandi við riftun og vörslusviptingu og leiga til þriðja aðila því ómöguleg. Hugsunin á bak við 1. tl. 30. gr. samningsskilmálanna hjá stefnda sé því að geta krafið um áframhaldandi leigu sem ígildi skaðabóta í formi efnabóta innan samninga vegna samningsrofa. Í efnabótakröfunni felist að gera stöðu leigusalans þá sömu og samningarnir hafi verið efndir að fullu á þann hátt að leigusalinn fái ígildi framtíðarleigugreiðslna að frádregnu verðmæti leiguandlagsins. Líta megi á heimildarákvæðið í 1. tl. 30. gr. samninganna og uppgjör skv. henni sem mögulegar skaðabætur innan samninga vegna samningsrofa. Undir þá túlkun sé tekið í ákvarðandi bréfi Ríkisskattstjóra nr. 656/1994. Stefndi telji að með því að beita heildstæðu mati á 30. gr. samningsins standist sú fullyrðing stefnanda ekki að 1. tl. 30. gr. bendi til þess að um lánessamninga sé að ræða. Þá sé mótmælt sem rangri þeirri túlkun stefnanda á 30. gr. samningsins að stefnda beri að greiða leigutaka út umfram verðmæti tækisins við uppgjör samnings. Hið rétta sé að ef það myndist hagnaður hjá stefnda við uppgjör á leigusamningi geti hann tekið einhliða ákvörðun um að ráðstafa slíkum hagnaði inn á aðrar kröfur eða leigusamninga sem séu í gildi á milli aðila. Stefnda sé þannig ekki gerð skylda til að greiða slíkan hagnað til leigutaka eins og stefnandi haldi fram, heldur sé um einhliða ákvörðun hans að ræða hvernig hann kjósi að ráðstafa því sem umfram sé. Stefndi vísir einnig til 17. gr. skilmála fjármögnunarleigusamninganna en þar sé tekið fram að leigutaki beri áhættuna af því ef hið leigða farist, skemmist eða rýrni eftir að seljandi hafi afhent hið leigða. Stefndi telji að þetta bendi til þess að fremur sé um lánessamninga að ræða heldur en leigusamninga sökum þess að slíkt tíðkist ekki í leigusamningum. Stefndi mótmæli þessari túlkun og bendi á að frá framangreindri meginreglu verði að sjálfsgöðu vikið með samkomulagi aðila eins og gert sé í þessu tilviki. Í fjármögnunarleigusamningum sem þessum sé mun nærtækara að umráðamaður leigumunar beri ábyrgðina á framangreindum þáttum og leiði þetta til þess að hann passi betur upp á leigumuninn. Í þessu sambandi sé einnig rétt að benda á það að leigutaki beri ábyrgð á meðferð leigumunar skv. 20. gr. samninganna og ábyrgð á því að greiða váttryggingariðgjöld af tækinu sbr. 23. gr. samninganna. Sé því ekkert óeðlilegt við það að aðilar hafi samið svo um að leigutaki fái að njóta góðs af váttryggingabótum vegna alþjóns á leigumun eftir að uppgjör á samningi hafi farið fram eins og um hafi verið samið í 21. gr. samnings nr. 117572, en sú grein sé ögn frábrugðin 21. gr. hinna samninganna þriggja. Stefndi fullyrði að þessar áhættureglur samninga aðila séu eðlilegar og bendi á að hér sé um hefðbundin

ákvæði að ræða í fjármögnunarleigusamningum þar sem leigusali hafi í frjálsum samningi aðila, afsalað sér að verulegu leyti áhættu af hinu leigða. Í þessu sambandi megi benda á að þetta atriði kom skýrt fram í 1. gr. í skilgreiningu á fjármögnunarleigu í lögum nr. 19/1989 sem nú hafa verið niðurfelld. Hér sé einnig rétt að benda á að í IAS 17 reikningsskilastaðlinum um leigusamninga er fjármögnunarleiga skilgreind þannig í 4. gr. staðalsins að um sé að ræða leigusamning sem yfirfærir svo til alla áhættu og allan ávinning sem fylgi eignarhaldi á eign. Samkvæmt þessu sé ljóst að áhættureglur á milli aðila eins og þær séu settar fram í fjármögnunarleigusamningum þeirra séu í fullu samræmi við alþjóðlegt fyrirkomulag og reikningsskilastaðal sem innleiddur hafi verið með reglugerð sem hafi lagagildi hér á landi. Áhættureglurnar í samningnum séu enn fremur sambærilegar við áhættureglur í norrænum fjármögnunarleigusamningum. Í því sambandi megi vísa í 9. og 10. gr. í danska samningsforminu og í 5. mgr. 12. gr. í norska samningsforminu en bæði samningsformin liggi fyrir í málinu. Það gefi auga leið að ekki sé hægt að hafa þetta á annan veg en gengið sé út frá í 17. og 21. gr. í samningum aðila. Sem dæmi megi nefna að á framhaldsleigutíma sé leigugjald oft tólf sinnum lægra en á grunnleigutíma. Það myndi aldrei ganga upp, ef leigusali ætti að fá þessa lágu leigu á framhaldsleigutímanum en bæri alla ábyrgð á ástandi úr sér gengins leigumunar. Ef leigusali ætti að bera áhættuna þyrfti leigugjaldið einfaldlega að vera miklu hærra en aðilar hafi samið um að fara ekki þá leið. Til samanburðar megi nefna að samskonar reglur um ábyrgð á skemmdum sé að finna í ákvæðum staðlaðra samninga bílaleigufyrirtækjanna þar sem leigutaki beri ábyrgð á skemmdum en slíkir samningar séu óumdeilanlega leigusamningar. Stefnandi vísi til þess að viðskiptasaga fyrri leigutaka samkvæmt samningunum og stefnda bendi til þess að samið hafi verið um það í upphafi viðskipta að stefnandi myndi eignast leigumunina við lok samninga. Stefndi mótmæli þessari fullyrðingu stefnanda sem rangri og ósannaðri enda ekkert fram um þetta í gögnum málsins. Stefnandi byggir á því að fyrri leigutaki hafi í öllum tilvikum eignast leigumuni við lok samningstíma. Stefndi vilji í fyrsta lagi benda á að viðskiptasaga hans við þriðja aðila, þ.e. fyrri leigutaka samninganna, geti ekki breytt eðli og efni þeirra samninga sem hér séu til umfjöllunar. Um þetta atriði hafi enn fremur verið fjallað í Suðurverks- og Ölgerðarmálunum og hafi umfangsmikil viðskiptasaga aðila í þeim málum ekki þótt breyta eðli og efni nýrri samninga. Stefndi bendi jafnframt á að það sé ekkert óeðlilegt við það að fjármögnunarleigusamningum hafi í einhverjum tilvikum lokið með því að leigutaki keypti viðkomandi búnað af stefnda. Það sé hins vegar röng ályktun hjá stefnanda að það hafi verið gert á grundvelli samkomulags við upphaf samnings aðila. Samningar aðila séu skýrir að því leyti að við lok grunnleigutíma fari samningurinn á framhaldsleigu nema leigutaki skili leigumunum til leigusala. Að loknum grunnleigutíma geti leigusali tekið einhliða ákvörðun um að veita leigutaka þriðja möguleikann og bjóða honum leigumunina til kaups gegn tilteknu gjaldi. Leigutaka sé þá í sjálfsvald sett að ákveða hvort hann taki tilboðinu eða hafni því og eftir atvikum þá haldið áfram að leigja leigumunina á framhaldsleigu gegn umtalsvert lægra leigugjaldi eða skilað leigumuninum til leigusala. Það sé því á engan hátt sjálfgefið að leigutaki eignist leigumuni að grunnleigutíma loknum og í raun þvert á móti því samningurinn fari sjálfkrafa á framhaldsleigu nema leigutaki skili leigumunum eða aðrir samningar komi til. Það breyti því ekki innihaldi og eðli fjármögnunarleigusamninganna milli stefnanda og stefnda í þessu máli þótt fyrri leigutaki, hafi í einhverjum tilvikum, fengið að kaupa leigumuni vegna eldri fjármögnunarleigusamninga á milli hans og stefnda. Stefnandi haldi því fram, með vísan til viðskipta fyrri leigutaka við stefnda, að

aðilar hafi samið um að stefnandi myndi eignast tækið þegar höfuðstóll samnings eða eftirstöðvar hans væru uppgreiddar. Á sama tíma haldi hann því fram að með uppgreiðslu samnings og greiðslu sérstaks lokagjalds, sem tilgreint hafi verið í áramótayfirlitum, fengi hann tækinu afsalað til sín. Stefnandi haldi því þannig ýmist fram að um sjálfvirka eignafærslu á leigumun við lok grunnleigutíma sé að ræða eða að um einhverskonar kauprétt hafi verið að ræða við lok grunnleigutíma þar sem stefnandi gæti eignast leigumun gegn greiðslu svokallaðs lokagjalds. Stefnandi sé því tvísaga um hvernig aðilar hafa samið við upphaf viðskiptana og þar að auki þvert á það sem fram komi í skriflegum og undirrituðum samningum milli aðila. Stefnandi leggi ekkert fram sem sýni fram á að samið hafi verið um annan rétt í upphafi viðskiptanna en þann sem komi fram í skýrum ákvæðum samninganna. Hvað tilvísanir stefnanda í sölureikninga vegna viðskipta fyrri leigutaka við stefnda varði þá bendi umræddir sölureikningar eindregið til þess að ætíð hafi þurft að koma til frekari samningagerðar ef leigutaki hafi fengið að kaupa leigumun í lok grunnleigutíma samninganna. Hér sé þó ítrekað að viðskipti fyrri leigutaka við stefnda komi ekki til skoðunar í máli þessu auk þess sem undirliggjandi samningar liggja ekki fyrir í gögnum málsins. Stefnandi byggir enn fremur á að í áramótayfirlitum og skilmálabreytingum samninganna sé vísað til höfuðstóls, afborgana og eftirstöðva. Stefnandi byggir á að í leigusamningum tíðkist ekki að tilgreina höfuðstól og eftirstöðvar en slíkt sé hefðbundið í lánssamningum. Í raun þurfi ekki að fara frekari orðum um þessa málsástæðu stefnanda þar sem byggt hafi verið á sambærilegri málsástæðu í Smákrana-, Suðurverks og Ölgerðarmálunum og hafi hún ekki hlotið brautargengi í þeim málum. Í samningum aðila sé í fyrsta lagi ekki tilgreindur höfuðstóll heldur leigugrunnur og með tilvísun í höfuðstól í stöðluðum áramótayfirlitum og skilmálabreytingum sé átt við leigugrunn samninganna, þ.e. þá fjárhæð sem stefndi hafi greitt fyrir tækið frá seljanda án vsk. Þó svo að ekki þurfi að tilgreina leigugrunn í leigusamningum þá sé það alþekkt í fjármögnunarleigusamningum á alþjóðavísu að leigugjaldið taki mið af fjármögnunar-kostnaði leigusala sem haldist í hendur við upphaflegt kaupverð leiguandlagsins. Það sé heldur ekkert óeðlilegt að tilgreina afborgunarhlutann sem sé einn þáttur í heildarleiguverðinu. Eftirstöðvatalan sýni svo núvirði eftirstöðva af heildar-leigugreiðslum á grunnleigutíma skv. fjármögnunarleigusamningum aðila, áður en framhaldsleiga hefjist og telji stefndi að slík upplýsingagjöf sé ekkert óeðlileg í tilviki leigusamninga og bendi í því sambandi á 20. gr. IAS 17 þar sem gengið sé út frá því að þessa fjárhæð þurfi að tilgreina í efnahagsreikningi í reikningsskilum leigutaka. Stefnandi byggir á því að bókhaldsleg meðferð stefnda á leigumuninum sé vísbending um það hvernig stefndi hafi metið viðskiptasamband aðila. Stefndi bendi á að hér sé um sömu málsástæðu að ræða og höfð hafi verið uppi í Smákrana-, Suðurverks- og Ölgerðarmálunum og ekki hlotið þar brautargengi. Stefndi bendi einnig á að í tengslum við Smákranamálið hafi stefndi fengið álit frá KPMG um það hvernig haga ætti framsetningu eigna og tekna af fjármögnunarleigusamningum í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi leigusala samkvæmt reglum alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Niðurstaða minnisblaðsins sé sú að rétt sé að færa fjármögnunarleigusamninga á þann hátt sem Lýsing hf. geri í ársreikningum sínum og að það sé í samræmi við IAS 17 – alþjóðlegan staðal um leigusamninga. Bókhaldsleg meðferð stefnda sé því vissulega vísbending um að stefndi líti á umþrætta samninga sem fjármögnunarleigusamninga. Ákvæði samninganna, framkvæmd þeirra og skattaleg meðferð þeirra bendi til þess að stefndi og stefnandi hafi alla tíð lítið svo á að um leigusamninga væri að ræða. Stefnandi byggir á því að samningar stefnda við stefnanda séu lánssamningar og gengistrygging þeirra sé brot

á 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefndi mótmæli þessu og bendi m.a. á að honum sé heimilt að láta leigugreiðslur af fjármögnunarleigusamningum taka mið af gengi erlendra mynta vegna þess að um sé að ræða leigusamninga en þeir falli ekki undir ákvæði laga nr. 38/2001. Af dómafrankvæmd megi ráða að við mat á lögmæti verðtryggingar verði að gera greinarmun á hreinum fjárskuldbindingum eða peningalánaviðskiptum annars vegar og gagnkvæmum samningum hins vegar en hvað síðarnefnda atriðið varði eigi báðir samningsaðilar að inna af hendi framlög á tilteknu tímamarki eftir samningsgerð, t.d. húsaleigusamninga, verksamninga og kaupsamninga um fasteignir. Lagaákvæði um verðtryggingu fjárskuldbindinga hafi í dómum ekki verið talin ná til þeirra gagnkvæmu samninga, sem hér hafi verið vitnað til. Í þessu sambandi megi nefna dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 98/1978 og áður nefnda dóma í málum nr. 652/2011 (Smákranamál), nr. 638/2013 (Suðurverksmál) og nr. 717/2013 (Ölgerðarmál). Í ljósi þessa eigi ákvæði 13. og 14. gr. vaxtalaga ekki við um þá fjármögnunarleigusamninga, sem hér séu til umfjöllunar. Stefndi telji að við túlkun á því hvort að um leigusamninga eða lánessamninga sé að ræða verði að taka mið af forsendum samningsaðila við samningsgerðina. Stefndi byggi á því að við gerð fjármögnunarleigusamninganna hafi báðum aðilum verið það ljóst að gengisáhrif fylgdu því að hafa samningana í erlendum myntum. Það hafi verið forsenda að hálfu stefnda að leigugreiðslur tækju mið af erlendum myntum og LIBOR vöxtum með nánar tilgreindu álagi. Stefnanda hafi mátt vera þessi forsenda ljós. Því hafi verið um að ræða verulega forsendu sem verið hafi ákvörðunarástæða af hálfu stefnda fyrir því að ganga til samningsgerðarinnar. Gengisviðmiðunin hafi haft úrslitaáhrif á samninga aðila um vaxtaviðmiðun. Sjáist það vel á þeirri staðreynd að mun hærrí vaxtaviðmiðun hafi ávallt verið hjá stefnda á þeim samningum sem ekki séu með gengisviðmið. Hvað forsendur varði sé í öðru lagi á því byggt að stefnandi hafi þekkt forsenduna hvað gengisviðmiðið varði og vitað að hún hafi verið ákvörðunarástæða fyrir vaxtaviðmiði samninganna. Verði að telja að góður og gegn leigutaki hafi fyllilega gert sér grein fyrir því að gengisviðmið fjármögnunarleigusamninganna væri forsenda þeirrar vaxtaviðmiðunar sem í boði hafi verið. Hvað forsendur varði sé í þriðja lagi byggt á því að það sé sanngjarnt og eðlilegt, með hliðsjón af skiptingu áhættu, að leigugreiðslur taki mið af sveiflum á gengi. Önnur niðurstaða leiði til þess að gæðum verði mjög misskipt á milli aðila samningssambandsins. Eins og fram hafi komið hafi gengisviðmiðið verið forsenda þess að hægt væri að hafa jafn lága vaxtaviðmiðun og raun hafi verið og verði niðurstaðan sú að bannað verði að reikna gengisviðmið á samningana fái stefnandi leigukjör, sem engum öðrum hafi boðist, á kostnað stefnda. Yrði þá um óeðlilega auðgun stefnanda að ræða sem færi þvert gegn sanngirnissjónarmiðum. Þegar framangreindar forsendur séu hafðar í huga og með því að beita sanngirnismælikvarða við túlkun á samningum aðila, telji stefndi rétt að miða við að fjármögnunarleigusamningar aðila séu leigusamningar eins og efni þeirra bendi til, sem sanngjarnt sé og eðlilegt að reikna upp með gengisviðmiðun þeirri sem aðilar hafi samið um. Verði ekki fallist á það að hinir umþrættu fjármögnunarleigusamningar aðila séu leigusamningar og talið að um lánessamninga sé að ræða byggi stefndi á því að samningarnir séu ekki íslenskir lánessamningar með ólögmætum gengistryggingar-ákvæðum, sem fari gegn ákvæðum vaxtalaga nr. 38/2001, heldur sé um lögmæta samninga í erlendum myntum að ræða, en lán í erlendri mynt falla ekki undir bannreglur VI. kafla vaxtalaganna og því byggi stefndi á því að gengisviðmiðun fjármögnunarleigusamninganna sé lögmæt. Bent skuli á að í 2. gr. fjármögnunarleigu-samninga aðila sé leigugrunnur tilgreindur nákvæmlega í erlendum myntum og tilgreining erlendra mynta komi einnig fram á

leigureikningum sem stefndi hafi sent stefnanda. Sem dæmi megi nefna að í leigusamningi 143160 sé leigugrunnur tilgreindur í 3. gr. sem JPY 791.264 og CHF 8.314,44. Á áramótayfirlitum sem stefnandi hafi lagt fram í málinu séu allar fjárhæðir tilgreindar í erlendum myntum. Skýrt sé tekið fram í dómum Hæstaréttar í málum nr. 520/2011 og nr. 551/2011 að skv. forsendum dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 fari skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn nefndum ákvæðum laga nr. 38/2001.

Hvað lagarök varði vísi stefndi til ákvæða laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, einkum 1. gr., 13. gr. og 14. gr. þeirra laga. Stefndi vísi til þeirrar meginreglu í leigurétti að aðilum sammings sé frjálst að semja um fjárhæð leigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum. Stefndi byggir einnig á meginreglu laga um að gerða samninga eigi að efna að fullu skv. efni sínu. Vísað sé til 37. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 um sammingsfrelsi í leigusamningum. Varðandi kröfu um málskostnað vísi stefndi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Vísað sé til 3. tl. 1. mgr. 3. gr. 1. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 1. mgr. 20. gr. sömu laga varðandi skilgreiningu á eignaleigu og þess að fjármögnunarleiga feli ekki í sér útlánastarfsemi. Einnig sé vísað til viðauka I við Bankatilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/48/EC 2006. Vísað sé til þess að í 88. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga komi fram að ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, skuli hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, þar sem bókunin sé lögfest. Einnig sé vísað til 12. tl. 2. gr. og 127. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og að þeir skuli hafa lagagildi hér á landi. Að síðustu sé vísað til reglugerðar 1133/2007 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Forsendur og niðurstaða

Eins og áður er rakið greinir aðila á um hvort tilteknir fjórir fjármögnunarleigusamningar séu lánsamningar í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sem óheimilt hafi verið að binda gengi erlendra gjaldmiðla eða leigusamningar, sem undanþegnir séu framangreindu banni.

Þeir samningar sem hér um ræðir eru hver um sig í 35 greinum og bera þeir allir yfirskriftina „Fjármögnunarleigusamningur“ og undirfyrirsögnina „Gengistryggður“. Samningarnir skiptast annars vegar í sértæka skilmála í 10 tölusetnum ákvæðum, sem gert er ráð fyrir að séu nánar fyllt út við gerð einstakra samninga og hins vegar almenn stöðluð ákvæði í greinum 11-35. Formið sem samningarnir eru ritaðir á stafar frá stefnda.

Í 2. gr. samninganna eru sértæk ákvæði um leigugrunn. Er hann í öllum samningunum tilgreindur í íslenskum krónum en tengdur gengi erlendra gjaldmiðla. Þannig er leigugrunnur samkvæmt þremur samninganna tengdur gengi japanskra jena og svissneskra franka og leigugrunnur samkvæmt þeim fjórða Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Samkvæmt 5. gr. samninganna, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., tók leigufjárhæð samkvæmt samningunum breytingum í samræmi við breytingar á hinum tilgreindu erlendu gjaldmiðlum í samræmi við skráð sölugengi þeirra hjá Seðlabanka Íslands.

Fyrir liggur að greiðsluákvæðum þriggja framangreindra samninga var breytt, 25. október 2011, með svonefndum tímabundnum greiðsluraðabreytingum. Fólu þær m.a. í sér tímabundna lækkun leigugreiðslna. Eru samningarnir að öðru leyti óbreyttir frá undirritun nema hvað varðar yfirtöku stefnanda á skuldbindingum fyrri leigutaka, Ásgeirs Þórs Hjaltasonar, 11. ágúst 2009, eins og áður er rakið.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að framangreindir samningar séu samkvæmt efni sínu lánessamningar í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og því hafi gengistryggingarákvæði þeirra verið ólögmat, sbr. 13. og 14. gr. laganna. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir féll lögmaður stefnanda, við aðalmeðferð málsins, frá nokkrum þeirra málsástæðna sem hann hafði byggt á í stefnu málsins. Eftir þá breytingu byggir stefnandi á eftirgreindum málsástæðum:

1. Fjárhæð samninganna, svonefndur leigugrunnur, sem fram komi í 2. gr. þeirra, endurspeglar kaupverð leigumuna ásamt fjármagnskostnaði stefnda. Stefndi hafi greitt seljanda leigumuna kaupverð þeirra og síðan gert fjármögnunarsamninga við Ásgeir Þór Hjaltason, sem falið hafi í sér endurgreiðslu á kaupverðinu ásamt fjármögnunar-kostnaði, með reglulegum afborgunum, í fyrirfram ákveðinn tíma.

2. Í 19. gr. samninganna sé mælt svo fyrir að sé kaupverð hins selda lækkað, s.s. vegna galla, skuli leiga jafnframt lækka til samræmis, óháð því hvort gallinn hafi áhrif á notagildi munarins fyrir leigutaka. Þá renni ákvæði 21. gr. samninganna frekari stöðum undir að ekki sé um leigusamninga að ræða heldur lánessamninga með því að mæla fyrir um að vátryggingabætur, sem greiddar kynnu að verða vegna tjóns á leigumun, skuli ganga upp í skuld leigutaka við leigusala, í stað þess að renna beint til leigusala.

3. Umsamið hafi verið að stefnandi eignaðist hið leigða í lok samningstímans með greiðslu svonefnds lokagjalds og eins hafi honum verið heimilt að selja leigumuni fyrir lok leigutímans. Þessu til stuðnings sé vísað til áramótayfirlita sem stefndi hafi sent Ásgeiri Þór Hjaltasyni og síðar stefnanda sem sýni stöðu samninganna um áramót. Í yfirlitunum hafi svonefnt lokagjald verið tilgreint sérstaklega. Gegn greiðslu þess hafi viðkomandi samningur átt að vera uppgreiddur. Stefndi hafi í mörgun tilvikum greitt stefnda lokagjald og fengið afsal fyrir viðkomandi leigumun. Beri stefndi sönnunarbyrðina fyrir því að þessi afsöl, í kjölfar uppgreiðslu á samningi, hafi verið breyting á samningi aðila en ekki meginreglan og samkvæmt samningum aðila. Ákvæði í samningum aðila um framhaldsleigu í lok frumleigutíma hafi verið til málamynda og aldrei beitt í framkvæmd heldur hafi leigumunum verið afsalað til Ásgeirs Þórs Hjaltasonar í lok frumleigutíma eða fyrr, í framhaldi af uppgreiðslu viðkomandi samnings, án þess að um það hafi verið gerður sérstakur samningur eða skilmálabreyting.

4. Viðskiptasaga aðila staðfesti að þeir fjórir samningar sem um sé deilt í málinu séu lánsamningar. Þessu til sönnunar vísi stefnandi til þess að Ásgeir Þór Hjaltason hafi á sínum tíma verið í viðskiptum við eignaleigufyrirtækið Lind hf. Meðal tækja sem Ásgeir Þór hafi keypt á þeim tíma og Lind hf. fjármagnað hafi verið beltagrafa af gerðinni JCJS 240 L, með skráningarnr. EB-0250. Til tryggingar skuldinni hafi Ásgeir Þór, hinn 15. september 1992, sett gröfuna að veði með tryggingarbréfi. Í því komi fram að það sé sett til tryggingar skilvísri greiðslu á leigugreiðslum við Lind hf. Í tryggingarbréfinu sé hins vegar tekið fram að grafan, sem Lind hf. hafi fjármagnað, sé eign Ásgeirs Þórs Hjaltasonar. Undir bréfið hafi verið ritað: „f.h. leigutaka og eiganda gröfunnar“. Með yfirlýsingu, 10. ágúst 2009, hafi því verið lýst yfir að tryggingarbréfið væri eftirleiðis, með sama hætti, til tryggingar öllum skuldbindingum Skollaness ehf. við Lýsingu hf. Að mati stefnanda sé þetta órákt merki um það að litið hafi verið svo á frá fyrstu tíð að svonefndir leigutakar séu í raun eigendur þeirra muna sem fjármögnunarsamningar séu gerðir um og að engin breyting hafi orðið á viðskiptasambandi aðila hvað þetta varði.

5. Bókhaltsleg meðferð beggja aðila sé í samræmi við að um lánsamninga hafi verið að ræða enda hafi stefndi ekki eignfært umræddar vélar og tæki í reikningum sínum.

6. Skilmálabreytingar, sem gerðar hafi verið í október 2011 á þremur samninganna, staðfesti að um lánsamninga sé að ræða eða í öllu falli hafi falist í þeirri skilmálabreytingu að samningarnir séu nú lánsamningar. Í skilmálabreytingunum sé kveðið á um tiltekið greiðsluplan. Í því komi skýrt fram, að þegar við það væri staðið yrðu eftirstöðvar samningsins kr. 0. Í skjalinu séu greiðslur stefnanda til stefnda titlaðar sem „afborganir“. Þá hafi í áður nefndum áramótayfirlitum stefnda verið vísað til höfuðstóls og eftirstöðva, sem bendi til þess að um lánsamninga hafi verið að ræða en ekki leigusamninga.

Af hálfu stefnda er öllum framangreindum málsástæðum stefnanda hafnað og á því byggt að umræddir samningar séu samkvæmt formi sínu og efni leigusamningar og ákvæði þeirra um gengistryggingu umsamins leigugjalds brjóti því ekki í bága við ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaður stefnanda áherslu á að ekki væri á því byggt af hálfu stefnanda að umræddir fjórir fjármögnunarleigusamningar hafi falið í sér kauprétt á leigumunum, hvorki meðan á leigu stóð eða í lok grunnleigutímans. Þá hafi engin kaupskylda hvílt á stefnanda, hvað leigumuni varði.

Við mat á því hvort þeir fjórir fjármögnunarleigusamningar sem um er deilt í máli þessu séu leigusamningar eða lánsamningar er að mati dómsins rétt að líta til eftirfarandi:

Heiti samninganna, sbr. „Fjármögnunarleigusamningur“, bendir til þess að um leigusamninga sé að ræða og er öll orðnotkun í ákvæðum þeirra í samræmi við það. Þannig er stefnandi í samningunum nefndur „leigutaki“ og stefndi „leigusali“. Þá er í samningunum talað um hið leigða, leigugrunn, grunnleigutíma og framhaldsleigu.

Þá er ljóst að samningarnir bera skv. efni sínu öll megineinkenni fjármögnunarleigusamninga eins og það hugtak hefur verið skilgreint í lögum hér á

landi, sbr. athugasemdir í frumvarpi til fyrstu laganna hér á landi um eignarleigu nr. 19/1989, sbr. nú 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. áður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Ekki verður séð að með lögum nr. 161/2002 hafi verið stefnt að breytingum á þeim grunnskilgreiningum sem fram komu í lögum nr. 19/1989 og athugasendum með frumvarpi til laganna hvað varðar m.a. eðli og sérkenni fjármögnunarleigu. Eru þær grunnskilgreiningar í samræmi við almennt viðteknar skýringar og skilgreiningar á þessari samningstegund líkt og rakið var í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. september 2013 í máli Suðurverks hf. gegn Lýsingu hf., sbr. dóm Hæstaréttar frá 13. mars 2014 í máli nr. 638/2013. Er þá einkum vísað til ákvæða um að leigutaki velji hið leigða og semji um kaupverð þess við seljanda, að samningurinn sé óuppsegjanlegur á umsömdum grunnleigutíma, að leigusali endurheimti kaupverð hins leigða ásamt vöxtum, þóknun og kostnaði á grunnleigutímanum, að leigutaka gefist kostur á ótímabundinni framhaldsleigu í lok grunnleigutíma, gegn verulega lækkaðri leigu, að eignarréttur haldist hjá leigusala meðan á leigu stendur, að leigutaki beri áhættu af hinu leigða meðan á leigu stendur og komi til riftunar á leigusamningi greiði leigutaki leigusala alla gjaldfallna- og ógjaldfallna leigu að frádregnu verðmæti hins leigða.

Í dómum Hæstaréttar frá 24. maí 2012, í máli nr. 652/2011, 13. mars 2014, í máli nr. 638/2013 og frá 3. apríl 2014, í máli nr. 717/2013, komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að samningar aðila væru leigusamningar en ekki samningar um lán. Verður að telja efni samninganna í þessu máli í meginatriðum vera það sama og þeirra sem um var deilt í fyrrgreindum Hæstaréttarmálum. Hafa dómarnir því ótvírætt fordæmisgildi við úrlausn máls þessa.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim málsástæðum sem stefnandi byggir á í máli þessu því til stuðnings að samningar aðila séu að efni til lánsamningar en ekki leigusamningar. Hafa þær til aðgreiningar verið taldar upp í töluliðum 1 - 6. Flestar þessara málsástæðna voru hafðar uppi og þeim hafnað í áður tilvitnuðum Hæstaréttarmálum nr. 652/2011, nr. 638/2013 og nr. 717/2013, sbr. einnig dóma réttarins frá 5. júní 2014 í máli nr. 373/2014 og frá 13. október 2014 í máli nr. 648/2014. Þá voru allar sömu málsástæður hafðar uppi og þeim hafnað í dómi Hæstaréttar frá 6. nóvember 2014 í málinu nr. 700/2014: Skollanes ehf. gegn Lýsingu hf.

Eins og áður hefur verið rakið byggir stefnandi ekki á því að hann hafi átt kauprétt að leigumunum samkvæmt fjármögnunarleigusamningum aðila eða á honum hafi hvílt kaupskylda hvað leigumunina varðaði. Koma því ákvæði 12. gr. samninganna ekki til sérstakrar skoðunar í máli þessu.

Með vísan til alls framangreinds verður því hafnað að skýra beri þá samninga sem um er deilt í máli þessu sem lánsamninga en ekki leigusamninga. Var aðilum því heimilt að semja um að greiðslur samkvæmt samningunum tækju mið af breytingum á gengi þeirra erlendu gjaldmiðla sem tilgreindir eru í samningunum. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað og telst hann hæfilega ákveðinn 1.300.000 krónur.

Þórður S. Gunnarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Stefnda, Lýsing hf., er sýknuð af kröfum stefnanda, Skollaness ehf., í máli þessu. Stefndandi greiði stefndu 1.300.000 krónur í málskostnað.

Þórður S. Gunnarsson